

10. mars 1980.

197

Nr. 136.

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum við Suðurland.

1. gr.

Frá kl. 20.00, 10. mars 1980, eru allar loðnuveiðar bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi austan 20° v.lgd.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 18 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. mars 1980.

F. h. r.

Pórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.